

Guðjón Einarsson



Nokkur minningarorð



Hann lézt 11. nóv. 1945.

Hinn 19. nóv. s.l. var til moldar borinn Guðjón Einarsson prentari, heiðursfélagi Hins íslenska prent arafélags og einn af stofnendum þess.

Guðjón var kunnur öllum eldri Reykvíkum, enda var hann borinn hér og barnfæddur, sonur hins alkunna prentara Einars heitins Þórðarsonar, sem um mörg ár rak einn prentsmiðju hér í bænum og seinni árin nefndist Landsprentsmiðjan.

Æviferli Guðjóns heitins er eigi þörf að lýsa hér í þessu sambandi, því hann hefur áður verið rakinn í „Prentaranum“ og vísast til þess. Þó skal þess getið, til þess að leiðrétta misskilning, að hann starfaði að prentiðni í 46 ár en eigi 55, eins sagt hefur verið í blöðum.

Guðjón var áhugamaður um þau mál, er hann léði lið sitt og bar að marki á því, ef hann komst í aðstöðu til þess. Má í því efni minna á störf hans í Prentarafélaginu þann tíma, er hann var formaður þess. Gekk hann þá fram fyrir skjöldu í kröfum sínum fyrir félagið og var hinn róttækasti, og kom ýmsu til leiðar í stjórnartíð sinni, því hann var fylginn sér og aldrei myrkur í máli, þegar á hann var leitað. Svo var um öll þau mál, er hann lét sig nokkru skipta. Guðjón var einmitt formaður í þann tíð, er

örðugast stóð á um vinnubrögð félagsins, eða á árunum 1904 til 1905.

Með Guðjóni er horfinn einn hinna gömlu Reykvíkinga, sem höfðu fyrst kynnt bænum sem smáþorpi, með aðeins fáum og lágum húsum, og voru torfbæirnir yfirgnæfandi. Hann fékk tækifæri til þess að fylgjast með öllum breytingunum, sem síðar urðu, og sjá þær stórstígu framfarir, sem orðið höfðu í bænum og vexti hans til þessa dags, framfarir, sem í rauninni eiga enga hliðstæðu, nema ef til vill í Vesturálfa heims.

Árnaðar- og friðaróskir fylgja honum frá fjölskyldu, vinum og starfsbræðrum á framtíðarvegferð hans.

J. Á.

Prentaranum, sem helgað er þessu afmæli prentsmiðjunnar.

Prentarinn kom út tvisvar á árinu.

Tveir félagar dóu árinu, þeir Benedikt Gabriel Benediktsson og Óskar Jónsson.

Í félagið bættust á árinu 6 nýir félagar, og eru þeir þessir (í svígum hvenær tekinn í félagið): Guðmundur Guðmundsson, prentari í Víkingsprenti (21. sept.); Guðjón Einarsson, prentari í Steindórsprenti (7. des.); Kristinn Gísli Sigurjón Magnússon, setjari í Víkingsprenti (7. des.); Valdimar Sigfússon, setjari í Ísafoldarprentsmiðju (8. febr. 1945); Ólafur Jakobsson, setjari í Prentsm. Eddu (8. febr. 1945); Hannes Jónsson, prentari í Gutenberg (8. febr. 1945).

15 stúlkur gengu í félagið á árinu: Jóna Kristín

Ámundadóttir (13. júní), Guðlaug Benediktsdóttir (21. sept.), Svanhildur Jósefsdóttir (21. sept.), Áslaug Hermaníus (21. sept.), Hrefna Jónsdóttir (21. sept.), Unnur Jónsdóttir (21. sept.), Halla Dagbjartsdóttir (21. sept.), Þorbjörg Valgeirsdóttir (21. sept.), Steinunn Pálsdóttir (1. okt.), Helga Jónsdóttir (1. okt.), María Dagbjartsdóttir (1. okt.), Guðrún Guðmundsdóttir (1. okt.), Hrefna Runólfssdóttir (1. okt.), Katrín Bjarnadóttir (1. okt.), Gunnþórunn Þorláksdóttir (7. des.).

Fjöl mörg smærri störf mætti að sjálfsögðu telja, sem tekið hafa allmikinn tíma, og geta þeir, sem gerr vilja að huga, lesið um þau í fundarbók stjórnarinnar. En í heild má telja, að árið hafi verið stjórn félagsins all ónæðissamt svo sem vera ber, enda þótt mörgu sé skammt á veg komið, sem vinna þarf.